



VESTURBYGGÐ
Brjánslækur
Brjánslækjarhöfn og Flókatóftir
Deiliskipulag

Greinargerð og skilmálar

Febrúar 2022

Endurskoðað
Apríl og júní 2022

GINGI teiknistofa arkitekta f.a.í.
Miðtún 1, 460 Tálknafjörður
Sími: 697-6984, netfang: gingi11@simnet.is

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140, netfang: ima@simnet.is

Skipulagsgögn:
Deiliskipulagsuppráttur mkv. 1 : 3.000 (A3)
Greinargerð og skilmálar

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð skv. 41 gr.
skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn
þann _____ 20

Tillagan var auglýst frá _____ 20 með athugasemda-
fresti til _____ 20

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild
Stjórnartíðinda þann _____ 20

EFNISYFIRLIT

1.0	INNGANGUR.....	4
1.2	FORSENDUR.....	4
1.3	MARKMIÐ DEILISKIPULAGS.....	4
2.0	TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG FYRIRLIGGJANDI STEFNA.....	5
2.1	LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015 - 2026.....	5
2.2	AÐALSKIPULAG VESTURBYGGÐAR 2018 - 2035.....	6
2.2.1	LANDBÚNAÐARSVÆÐI Í AÐALSKIPULAGI VESTURBYGGÐAR 2018 - 2035.....	7
2.2.2	HAFNARSVÆÐI Í AÐALSKIPULAGI VESTURBYGGÐAR 2018 - 2035.....	8
3.0	VERNDARSVÆÐI.....	9
4.0	SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STADHÆTTIR.....	10
5.0	DEILISKIPULAG.....	12
5.1	TÆKNILEGIR HLUTIR.....	15
5.2	ÝMIS SKIPULAGSÁKVÆÐI.....	16
6.0	UMHVERFISSKÝRSLA.....	17
6.1	ÁHRIFAMAT.....	18
6.2	UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHERSLUR.....	18
6.3	UMHVERFISMAT - AÐFERÐIR OG STEFNA.....	19
6.4	UMFJÖLLUN UM KOSTI OG UMHVERFISÞÆTTI.....	19
6.5	NIÐURSTAÐA.....	20
6.6	TILKYNNINGARSKYLDA.....	20
7.0	MÁLSMEDFERÐ.....	21
7.1	SKIPULAGSLÝSING.....	21
7.2	UMSAGNARAÐILAR.....	21
7.3	LAGFÆRINGAR Á AUGLÝSTRI TILLÖGU.....	22

1.0 INNGANGUR

Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir Brjánslæk og byggðina á svæðinu. Engin nýleg uppbygging hefur átt sér stað á þessu svæði hin síðari ár. Tilgangur gerðar deiliskipulags fyrir hluta svæðisins er sá að búa til skipulagsramma utan um byggðina sem er athafnasvæði hafnarinnar og þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á næstunni. Það eru m.a. áform um að breyta nýtingu húsa, byggja upp þjónustu í tengslum við ferðamenn og starfsemi hafnarinnar verði styrkt frekar í sessi með uppbyggingu á hafnaraðstöðunni sjálfri.

1.2 FORSENDUR

Höfnin við Brjánslæk er einskonar hlið að Vestfjörðum fyrir þúsundir ferðamanna sem koma og fara með ferjunni Baldri ásamt þeim sem koma landleiðina. Með auknum ferðamannastraum um svæðið skapast forsendur fyrir frekari uppbyggingu svæðisins. Auk þess að á svæðinu eru áhugaverðar fornleifar sem eru Flókatóftir og er ætlunin er að bæta aðgengi að þeim s.s. með fjölgun bílastæða, upplýsingaskiltum og salernisaðstöðu.

1.3 MARKMIÐ DEILISKIPULAGS

Helstu markmið með gerð deiliskipulags fyrir svæðið er að leggja línur, svo sem ákvæði um yfirbragð byggðar, ný mannvirki, aðkomu og niðurrif á mannvirkjum, auk lýsingar á núverandi staðháttum. Deiliskipulaginu er ennfremur ætlað að setja ramma utan um starfseminna á svæðinu og viðhald hennar til framtíðar og að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag.

Markmið með gerð deiliskipulagsins er m. a.:

- Hafa gildandi deiliskipulag fyrir svæðið.
- Tryggja örugga umgjörð um aðgengi að svæðinu.
- Byggingaskilmálar séu til fyrir hús og önnur mannvirki.
- Að tryggja verndargildi svæðisins og þá bæði Breiðafjarðarsvæðisins og menningarminja.

Áhersla er lögð á að allar framkvæmdir falli vel að þeim mannvirkjum sem fyrir eru og falli einnig vel að landslagi og ásýnd svæðisins. Samhliða deiliskipulagsvinnu verður framkvæmd mannvirkjaskráning (húsakönnun) og skráðar fornminjar innan skipulagssvæðis.

2.0 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG FYRIRLIGGJANDI STEFNA

2.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015 - 2026

Samkvæmt landskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Þar segir enn fremur að ákvarðanir um staðsetningu og hönnun mannvirkja skuli taka mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhättum. Gæta skuli að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars. Það er einnig vilji sveitarfélagsins að umgengni sé hvarvetna til fyrirmyndar.

Markmið:

- o Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar.*
- o Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum.*
- o Umgengni verði til fyrirmyndar.*
- o Útílysing skal vera þannig að ekki verði um óþarfá ljósmengun að ræða né valdi hún nágrönnum ónæði.*
- o Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfí og landslagi.*

Leiðir:

- o Byggingum verði vel viðhaldið og ónýtar byggingar rifnar og fjarlægðar. Þó skal gætt að varðveislugildi bygginga með tilliti til menningar- og sögulegs gildis þeirra.*
- o Íbúar verði hvattir til snyrtilegrar umgengni.*
- o Reglulega verði staðið fyrir hreinsunarátaki í sveitarfélaginu.*
- o Fordæst skal óþarfá lýsingu, ljósinu skal beint niður, eða það skermað af og haft í huga að ljós valdi nágrönnum sem minnstum óþægindum.*

Í byggingareglugerð nr. 112/2012 eru m.a. sett fram markmið fyrir verndun náttúrufars og eins fyrir birtu og lýsingu. Í gr. 15.1.1 segir: „við hönnun og gerð mannvirkja ber ávallt að taka tillit til umhverfis og náttúrufars. Leitast skal við, eftir því sem aðstæður leyfa, að láta mannvirki falla sem eðlilegast að umhverfinu og hafa sem minnst truflandi áhrif á náttúrufar og gerð landslags í næsta nágranni“.

Í gr. 10.4.1. segir: „Mannvirki skulu þannig hönnuð og byggð að öll birtuskilyrði og ljósmagn sé í fullu samræmi við þá starfsemi sem fer fram við eða innan mannvirkisins, án þess að óeðlilegur truflandi hiti eða óeðlileg glýjumyndun verði vegna lýsingar. Við mat á eðlilegum birtuskilyrðum ber að taka tillit til þarfá allra aldurshópa“.

Í grein 10.4.2. segir enn fremur að „við hönnun á útílysingu skal þess gætt að ekki verði um óþarfá ljósmengun að ræða frá flóðlýsingu mannvirkja. Tryggja skal að útílysingu sé beint að videigandi svæði og nota skal vel skermaða lampa sem varpa ljósinu niður og valda síður glýju og næturþjarm“.

2.3 AÐALSKIPULAG VESTURBYGGÐAR 2018 - 2035

Fyrir liggur Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018 - 2035, staðfest 10. desember 2021. Deiliskipulag Brjánslækjarhafnar og Flókatófta, er unnið í samræmi við þá stefnumörkun og þau markmið sem fjallað er um í greinargerð aðalskipulagsins.

Í kafla 2 Meginmarkmið og leiðarljós segir:


Aðalskipulagið er stefna bæjarstjórnar um þróun byggðar í sveitarfélaginu og er því lykilverkfæri hennar. Stefnan snýr að landnotkun, byggðarmynstri, samgöngu- og þjónustukerfum í sveitarfélaginu.

Leiðarljós:

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Meginmarkmið

- o Nægt landrými fyrir íbúðabyggð og fjölbreytta starfsemi á skipulagstímabilinu.
- o Skapa skilyrði fyrir blómlegt atvinnulíf, bæði í framleiðslu og þjónustu.
- o Góð lífsskilyrði sem gerir sveitarfélagið að eftirsóknarverðum búsetukosti, með fjölbreyttum möguleikum í menningu, útivist og afþreyingu sem stuðli að eflingu svæðisins og alls landslutans.
- o Vesturbyggð verði eftirsóttur áfanga- og dvalarstaður fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem erlenda.
- o Bættar samgöngur sem stuðli að óhindruðu flæði innan sveitarfélagsins árið um kring sem og bættar tengingar inn og út úr sveitarfélaginu.
- o Að borin sé virðing fyrir náttúru og auðlindum svæðisins með skynsama nýtingu og sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- o Nýsköpun og nýjar atvinnugreinar hafi góð skilyrði til að vaxa og dafna í sveitarfélaginu.



Hluti úr Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018 - 2035

Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018 - 2035 eru á svæðinu skilgreindir tveir landnotkunarflokkar, sem eru landbúnaður og hafnarsvæði.


2.2.1 LANDBÚNAÐARSVÆÐI Í AÐALSKIPULAGI VESTURBYGGÐAR 2018 - 2035

Í kafla 5.4 landbúnaðarsvæði (L) í greinargerð Aðalskipulags Vesturbyggðar 2018 - 2035, er eftirfarandi umfjöllun um upplýsinga- og þjónustusvæði á landbúnaðarsvæðum:

„Heimilt er að byggja upp áningarstaði við megin ferðaleiðir s.s. vegi, göngu- og reiðleiðir og áhuga-verðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti, áningahólf fyrir hesta og byggja allt að 35 m² aðstöðuhús fyrir snyrtiaðstöðu og/eda aðstöðu fyrir eftirlitsaðila“.

Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81 / 2004 og ábúðarlaga nr. 64 / 2006.

(Sjá einnig gr. 4.14 í skipulagsreglugerð).



Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018 - 2035 Mynd 5. Skýringarmynd af landnotkun við Brjánslæk.

2.2.2 HAFNARSVÆÐI Í AÐALSKIPULAGI VESTURBYGGÐAR 2018 - 2035

Í töflu í kafla 7.1.7. Hafnarsvæði (bls. 84) í greinargerð Aðalskipulags Vesturbyggðar 2018 - 2035 er umfjöllun um hafnarsvæðið eftirfarandi:

H3 (8,1ha) Brjánslækjarhöfn. Ferjusiglingar og bátahöfn.

„Svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi. Huga ber að nálægð við Flókatóftir og samspili þar á milli. Uppbygging verði skv. deiliskipulagi en gert er ráð fyrir stækkun nýjum varnargarði og aðstöðu fyrir smábáta til norðurs við núverandi hafnarsvæði“.

Sjá nánar kafla 5

SN3 (2,2 ha) Innsigling og not innan hafnarsvæðis á Brjánslæk.

„Svæðið er mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingaleið viðleguköntum, flotbryggjum og varnargörðum. Með reglulegu millibili þarf að dýpka höfnina og um hana liggja lagnir sem þjóna starfsemi á svæðinu“.

3.0 VERNDARSVÆÐI

Deiliskipulagssvæðið er innan Breiðafjarðarsvæðisins sem nýtur verndar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Breiðafjarðarsvæðið á sér enga hliðstæðu hér á landi og sker sig úr vegna óteljandi eyja, hólma og skerja. Svæðið er einkum mikilvægt fyrir fjölbreytileika og grósku í fuglalífi, auk þess sem það er sérstætt fyrir gróðurfar (fitjar), sjávargróður, landslag, jarðmyndanir og jarðhita. Í mörgum eyjanna eru auk þess menningarminjar um búsetu sem hafa sögulegt gildi.

Svæðið fellur undir lög nr. 88/2018 um skipulag hafs- og strandsvæða ásamt reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulag.

Svæðið er innan tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæði á framkvæmdaráætlun (B-hluta) náttúruminjasráðs út frá verndun vistgerða, fugla, sela og jarðminja.

Deiliskipulagið fellur einnig undir sérstaka verndun tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl. sem fjallað er um í 61. gr. laga um náttúruvernd og um vernd bakkagróðurs skv. 62. gr. sömu laga.

Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018 - 2035 í töflu á yfir friðlýstar fornleifar eru Flókatóftir merktar MV2 Brjánslækur: Flókatóftir svo nefndar; þær eru 6 sunnan á sléttri grund við vík eina fyrir innan Brjánslækjará. Þinglýst 14.02.1931.

Nánar er fjallað um verndarsvæði og náttúruvernd í umhverfisskýrslu.



Skipulagssvæðið eru sýnd með gulri línu.

4.0 SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STADHÆTTIR

Deiliskipulagssvæðið er um 3.8 ha að stærð og er staðsett á landræmu milli Barðastrandarvegur og Vatnsfjarðar. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagssvæðið muni ná yfir Brjánslækjarhöfn og næsta nágrenni. Hafnargarður Brjánslækjarhafnar er milli tveggja voga, Þrælavogar norðan við garð og Grundarvogar fyrir sunnan. Ennfremur verða Flókatóftir sem eru friðlýstar fornminjar innan skipulagssvæðisins. Landið er í fjöru, en fjær er grösugur mói. Aðkoma að svæðinu er frá Barðastrandarvegi nr. 62.



Brjánslækjarhöfn séð frá vestri.

Innan deiliskipulagsvæðisins eru samkvæmt Þjóðskrá Íslands, skráðar tvær lóðir sem eru: Brjánslækur Innri-Grundartangi L139783, sem er 4.788 fm að stærð. Á henni er skráð iðnaðarhús sem er 893,4 fm, byggt 1979. Brjánslækur Flókagrund sem er 1.500 fm að stærð. Á henni er skráð einbýlishús sem er 39,3 fm, byggt 1980

Landið innan afmörkunarlínu skipulagssvæðis er í eigu Ríkisins. Svæðið er tvískipt. Annars vegar er um að ræða Brjánslækjarhöfn og svæði sem tilheyrir henni og hins vegar Flókatóftir og umhverfi þeirra. Í deiliskipulaginu er þó unnið með svæðið allt sem eina heild.

5.0 DEILISKIPULAG

Varnargarður:

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýjum varnargarði u.þ.b. 123 m að lengd og breikkun á núverandi varnargarði. Sett verður upp ný flotbryggja í skjóli við nýjan varnargarð. Gamla ferjubryggjan norðan garðs verður fjarlægð.

Grjót í varnargarðinn:

Gert er ráð fyrir að efnisþörf til framkvæmdarinnar verði alls 28.000 m³ af grjóti og kjarnaefni sem sótt verður úr grjótnámu í grennd. Hluti efnisins, um 8.000 m³ koma úr skeringum vegna vegagerðar í Penningsdal. Þegar unnið var við vegagerð í Penningsdal varð til töluvert magn af umfram grjóti og ákvað verkkaupi að borga fyrir að keyra grjótinu í Námu E3, ofan við Þrælavog og lagera því þar. Verkkaupi hefur fengið leyfi frá Ríkiseignum til að vinna afganginn af efninu, um 20.000 m³ í grjótnámu utan við Þverá, náma E2, sem skilgreind er í nýju Aðalskipulagi Vesturbýggðar 2018-2035. Náman er opin bergnáma í umsjón Ríkiseigna. Einnig verður notað grjót sem tekið er upp innan hafnar flokkað og notað í garðinn.

Landfylling:

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir landfyllingu austan við núverandi fiskvinnsluhús með möguleika á viðbyggingu og fyrir stærra athafnasvæði.

Byggingarreitir og mannvirki:

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir fjórum byggingareitum á svæðinu og á þeim er gert ráð fyrir eftirfarandi mannvirkjum:

Á byggingarreit merktur A, sem er 750 fm að stærð, er í tengslum við ferðaþjónustu og ferjusiglingar, heimilt að reisa allt að 500 fm hús. Mænishæð hússins má ekki vera meiri en 6 m frá botnplötu. Þakhalli má vera á bilinu 0 - 45 gráður. Byggingarefni er að frjálsum vali.

Á byggingarreit merktur B, sem er 646 fm að stærð, er heimilt að stækka núverandi fiskvinnsluhús um 500 fm. Mænishæð og þakhalli viðbyggingar skal miðast við núverandi hús. Byggingarefni er að frjálsum vali. Heimilt er að reisa rör eða háf fyrir iðnaðarhúsið sem má vera allt að 10 m hár.

Á byggingarreit merktur C, sem er 460 fm að stærð, er heimilt að reisa allt að 100 fm þjónustu- og afgreiðsluhús fyrir ferjuna. Í húsinu verður jafnframt salernisaðstaða og áhaldageymsla, sem myndi einnig þjóna áningarstaðnum og gestum Flókatófta. Mænishæð hússins á svæðinu má ekki vera meiri en 6 m frá botnplötu. Þakhalli má vera á bilinu 0 - 45 gráður. Byggingarefni er að frjálsum vali.

Salernisaðstaða verður úr timbri með timburþaki, rennisúð, og mun húsið taka mið af vestfirskum hjöllum, (sjá teikningu arkitekta).

Á byggingarreit merktur D, sem er 100 fm að stærð, er heimilt að reisa spennistöð, sem má vera allt að 45 fm að stærð.

Hjallur:

Stór hjallur er á byggingareit sem merktur er C. Hjallinn mætti nýta í tengslum við áningarstaðinn, gera hann upp með nýrri klæðingu (ryðbáru) á þaki og efri hluta útveggja og neti og rimum að neðan. Hjallurinn gæti þá nýst í tengslum við áningarstaðinn fyrir móttöku hópa og "útisýninga".

Lágmarks gólfkóti húsa:

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar, þá hafa verið notuð tvö hæðarkerfi á Brjánslæk. Annars vegar hafnarkerfi (HK) sem miðast við lægstu sjávarstöður og hins vegar gamalt landshæðarkerfi (LH) sem miðast við meðalsjárhæð. Vegagerðin hefur notað það kerfi. Hæðarmismunur kerfanna er 2,23 m. Samkvæmt viðmiðunarreglum Vegagerðarinnar um lágmarkslandhæð á lágsvæðum við sjó er lágmarkslandhæð við höfnina á Brjánslæk +6,4 m HK (+4,2 m LK) og lágmarks gólfhæð húsa +6,7 m HK (+4,5 m LK).

Hæðarkerfin miðast við fastmerkin FM-brjann (bolti í þekju nýju bryggju) +5,826 m HK (+3,596 m LK) og LM07 1156 (bolti á hæð) +21,962 m HK (+19,732 m LK).

Það skal tekið fram að hér er fjallað um lágmarks land- og gólfhæðir. Sveitarfélagið og byggingaraðilar geta að sjálfsögðu valið hærri land- og gólfhæðir.

Einbýlishús:

Sunnan við hjallinn er lítið einbýlishús sem er víkjandi á svæðinu.

Bílastæði:

Á svæðinu eru afmörkuð bílastæði fyrir einkabíla og rútu (sjá uppdrátt). Hleðsla á hafnargarði verður framlengd þannig að hún afmarki stæði/áningu.

Upplýsingatorg:

Upplýsingatorg sem afmarkast af hlöðnum gördum, hjalli og salernisaðstöðu verður lagt flötum náttúruhellum, með leirkenndri mól á milli. Ofan á hlöðnum garði verða upplýsingaskilti.

Aðgengi að Flókatóftum:

Í deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir bættu aðgengi fyrir ferðamenn að Flókatóftum sem eru friðlýstar fornleifar. Stígur úr leirmöl með stökum hellum verður lagður frá upplýsingatorgi að mörkun tóftarsvæðis.

Hálfmánar:

Tveir hálfmána garðar verða á grundinni við fjöruborðið, hlaðnir grjóti að innan með hallandi torfi að utan. Innan þeirra verður hellulögn (náttúruhellur af svæðinu), bekkur, borð og sæti úr rekaviðar-drumbum. Leitast verður við að nota sem mest efni úr nærumhverfi, hellur sóttar upp á Dynjandisheiði, leirmöl (sem hefur þann eiginleika að gróður vex ekki á henni). Hleðslugrjót verður sótt í námu í nágrenni og tekið úr í nánasta umhverfi.



Flókatóftir séðar frá suðri.

Flókatóftir:

Gömul munnmæli segja að Hrafna Flóki hafi haft vetursetu á svokallaðri Flókagrund við Brjánslækjarhöfn. Sér enn móta fyrir tóft sem við hann er kennd og nefnist Flókatóft. Haustið 2012 var grafin prufuhola í tóftina og var komið niður á steinlögn og öskulög sem voru aldursgreind og var niðurstaðan að þau væru frá árinu 860/ +/- 40 ár. Flókatóft ásamt öðrum tóftum á svæðinu eru friðlýstar fornminjar. Yngstu og heillegustu tóftirnar, íbúðarhús og fjárhús, voru byggðar upp árið 1928, þurrabúð nefnd Flókagrund, og var þar búið til ársins 1936.

Fyrir liggja prufurannsóknir fyrir tóftirnar gerðar í september 2004 unnar af Magnúsi A. Sigurðssyni og Kristni Magnússyni.

Friðlýstar fornleifar:

Í deiliskipulaginu er merktur inn um 10.000 fm reitur um Flókatóftir og nánasta umhverfi. Mun þar tóftarsvæðið sjálft vera útfært sérstaklega og þá e.t.v. í tengslum við fornleifauppgröft á svæðinu. Hugsanleg væri hægt að gera tóftirnar aðgengilegar og til sýnis fyrir almenning með því að útbúa útsýnispalla, upplýsingaskilti og yfirbyggja með gleri o.s.fr. án þess að fornleifarnar raskist. Þar sem hér er um mjög merkilegar friðlýstar fornminjar að ræða, munu allar framkvæmdir á svæðinu, gerðar samráði við fornleifafræðinga og Minjastofnun Íslands.

5.1 TÆKNILEGIR HLUTIR

Kalt vatn:

Kalt vatn er fengið úr Moshlíðargili og er geislað. Lögnum, þ.m.t. lögnum fyrir neysluvatn skulu vera lagðar í jörðu, í við vegi eða stíga eins og kostur er til að minnka jarðrask og til að minnka neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Heitt vatn:

Ekki hefur fundist heitt vatn á svæðinu, þannig að hús eru hituð upp með raforku.

Rafmagn:

Rafmagn er fengið úr dreifikerfi Orkubús Vestfjarða.

Ljósleiðari:

Ljósleiðari hefur verið lagður um svæðið

Sorp:

Losun sorps er samræmi við samþykktir sveitarfélagsins hverju sinni.

Frárennsli:

Gert er ráð fyrir einnig sameiginlegri rotþró á svæðinu (sjá uppdrátt). Gerð og staðsetning rotþróar og fráveitukerfis er háð samþykki Heilbrigðisfulltrúa Vesturbyggðar. Ganga skal frá fráveitu skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012. Ennfremur skal fara eftir og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br., þar sem skv. 9. gr. skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Rotþrær og siturlagnir skulu ávallt, þannig staðsettar og frágengnar að aðgengi að þeim til tæmingar, eftirlits og viðhalds sé auðvelt að teknu tilliti til aðstæðna að öðru leyti.

Fráveita og iðnaðarstarfsemi:

Verði fiskvinnsla stunduð í iðnaðarhúsinu skal fara eftir III. viðauka reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Fellur fiskvinnsla þar undir iðnaðarstarfsemi. Í 25. gr. reglugerðarinnar segir að iðnaðarstarfsemi samkvæmt III. viðauka, sem losar skólp sem ekki er leitt í fráveitu fyrir þéttbýli og inniheldur lífræn efni sem brotna auðveldlega niður í umhverfinu, er háð ákvæðum um hreinsibúnað í starfsleyfi.

Ennfremur skal afskurður af fiski og annar lífrænn úrgangur fluttur í burtu og fargað á viðurkenndum stöðum. Meðhöndlun úrgangs skal vera í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og tilmælum sveitarfélagsins um viðurkenndan urðunarstað. Úrgangur skal ekki urðaður innan skipulagssvæðisins. Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs og stefna að lágmörkun úrgangs.

5.2 ÝMIS SKIPULAGSÁKVÆÐI

Yfirbragð byggðar:

Lögð skal áhersla á að öll hús og mannvirki fari vel í umhverfi. Huga skal að heildaryfirbragði byggðarinnar á svæðinu.

Lausamunir:

Óheimilt er að láta lausamuni standa innan lóðar, s.s. gáma, vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem hreinlegastri svo engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Einnig skal forðast skemmdir á landi og gróðri umfram það sem nauðsynlegt er meðan á framkvæmdum stendur. Leitast skal við að halda yfirbragði svæðisins og græða upp þau landsár sem verða við framkvæmdir.

Raflýsing:

Raflýsingu á svæðinu skal halda í lágmarki, en beina henni niður þar sem hún er.

Gönguleið:

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir gönguleið um fjörुकambinn og er mikilvægt að á henni séu ekki hindranir s.s. girðingar (sbr. 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013).

Fornleifar:

Fyrir liggur fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Brjánslæk á Barðaströnd frá NÁTTÚRUFRAEÐI-STOFNUN VESTFJARÐA, dagsett maí 2022, unnin af Atla Rúnarsyni.

Alls eru 15 minjar í skránni, 11 af þeim eru friðlýstar og voru skráðar af Minjastofnun Íslands árið 2014 og kallast allar saman Flókatóftir og farið er ítarlega yfir sögu þeirra í kafla 3.1 í fornleifaskráningunni. Minjarnar sem skráðar voru af Náttúrustofu Vestfjarða eru eitt mögulegt naust, ein landamerkja varða og tvö kuml.

Fornleifarnar hafa verið færðar inn á deiliskipulagsuppráttinn og er tekið tillit til þeirra við skipulagsgerðina. Ekki eru skráðar fornleifar innan byggingareita.

Í fornleifaskráningunni er að finna í kafla 4. NIÐURSTÖÐUR bls. 22, eftirfarandi umfjöllun:

„Á skráningasvæðinu er að finna friðlýstar minjar sem samkvæmt lögum eiga 100 metra friðhelgað svæði og ekki má raska því á leyfis Minjastofnunar Íslands. Naust 2769-001 og varða 2769-002 ættu að vera utan skipulags framkvæmdasvæði en ef ráðast á í framkvæmdir á svæðinu ætti að hafa samband við Minjastofnun Íslands og fylgja fyrirmælum þeirra um hvaða ráðstafanir ætti taka. Þegar kemur að kumlum 2769-003 og 2769-004 þá ber að hafa í huga að oft geta fleiri kuml leynst á sama stað og ef ráðist er í framkvæmdir á þessu svæði þá er ráðlagt að gera frekari fornleifaathuganir /rannsóknir á svæðinu“.

Í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.*

Og í 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: „*Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvíðalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands*”.

Verndun:

Við staðsetningu húsa, alla mannvirkjagerð og framkvæmdir á svæðinu, skal taka fullt tillit til allra laga, reglugerða og verndunarákvæða sem ná yfir svæðið.

Varp í hafið - Leyfisveiting

Í umsögn Umhverfisstofnunar við deiliskipulagið dagsett 6. apríl 2022, bendir stofnunin á, „*að ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu og opnum varnargarði er um að ræða varp í hafið. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Vill þar Umhverfisstofnun vekja athygli á að mikil vægt sé að það komi fram í greinargerð að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó veitt leyfi til að m.a. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið sé varpað í hafið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar*”.

Sjávarfitjar og votlendi:

Samkvæmt kortsjá Náttúrustofnunar Íslands eru litlir votlendisflákar og eitthvað um sjávarfitjar innan skipulagssvæðisins. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Tillagan gerir ekki ráð fyrir röskun á votlendi eða sjávarfitjum, þar sem byggingareitir eru staðsettir utan þeirra.

Sæstrengir og neðansjávarleiðslur:

Sæstrengir og neðansjávarleiðslur eru háðar samþykki Umhverfisstofnunar og skal samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Lífriki:

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar dagsett 8. apríl 2022, bendir stofnunin m.a. á að hafa beri í huga við allar framkvæmdir á svæðinu að „*framkvæmdin sé innan friðlands Breiðafjarðar og taka þarf fullt tillit til þess á framkvæmdatíma og m.a. koma í veg fyrir allt óþarfá rask sem gæti haft áhrif á lífríki svæðisins. Til dæmis ætti að forðast framkvæmdir á varptíma fugla, sérstaklega þegar t.d. æðarfuglar með unga eru á svæðinu. Þá þarf að tryggja mengunarvarnir þ.m.t. gegn gruggmengun. Mikilvægt er að huga að áhrifum af rekstri smábátahafnar á lífríki svæðisins. Viðkvæm búsvæði eins og selalátur, varpsvæði hafarnar og fleiri fuglategunda og fjörusvæði sem eru viðkomustaðir færfugla eru í Vatnsfirði og næsta nágrenni*”.

6.0 UMHVERFISSKÝRSLA

6.1 ÁHRIFAMAT

Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar, dagsett 1. febrúar 2022 þar sem segir að, „*fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafá í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum*“. Umhverfisskýrsla mun fylgja deiliskipulaginu. Í umhverfisskýrslu verða helstu umhverfisþættir metnir út frá þeim viðmiðum sem helst eru talin skipta máli miðað við stefnu sveitarstjórnar, annarra yfirvalda og markmiða laga.

6.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG ÁHERSLUR

Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð verða til grundvallar umhverfismati. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Umhverfisþættir, helstu spurningar og viðmið:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Jarðfræði og jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Náttúruminjaskrá (B-hluti) Lög um náttúruvernd nr. 60 / 2013 áhersla á 61. gr. Lög nr. 88/2018 um skipulag hafs- og strandsvæða. Reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulag. Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar Landsskipulagsstefna 2015-2026
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Náttúruminjaskrá (B-hluti) Lög um náttúruvernd nr. 60 / 2013 áhersla á 61. gr. Lög nr. 88/2018 um skipulag hafs- og strandsvæða. Reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulag. Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar Landsskipulagsstefna 2015-2026
Ásýnd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásýnd svæða?	Náttúruminjaskrá (B-hluti) Lög um náttúruvernd nr. 60 / 2013 áhersla á 61. gr. Lög nr. 88/2018 um skipulag hafs- og strandsvæða. Reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulag. Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar Landsskipulagsstefna 2015-2026
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til útivistar?	Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026 Byggðaáætlun fyrir Vestfirði Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024
Minjar/Verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúruminjar eða verndarsvæði?	Lög nr. 80 / 2012 um menningarminjar Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar Fornleifaskráning Húsakönnun Lög nr. 88/2018 um skipulag hafs- og strandsvæða Reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulag Landsskipulagsstefna 2015-2026

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Náttúruvá og öryggi	Er hættu á náttúruvá á svæðinu? Hefur skipulagið áhrif á tengingu við megin vegi út frá umferðaröryggi?	Saga svæðisins varðandi flóð og jarðskjálfta. Vegalög nr. 80/2007
Fjörur	Er hættu á mengun vegna frárennslis/fráveitu?	Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar Lög nr. 88/2018 um skipulag hafs- og strandsvæða Reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulag.

Tafla 1. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.

6.3 UMHVERFISMAT - AÐFERÐIR OG STEFNA

Við greiningu á einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar vægi áhrifa er metið.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt
Áhrif óljós	?	Óljós áhrif á umhverfisþátt

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat.

Leiði umhverfismat í ljós líkleg neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti verður leitað leiða til að draga úr áhrifunum, lagðar til mótvægisáðgerðir og vöktunaráætlun.

6.4 UMFJÖLLUN UM KOSTI OG UMHVERFISÞÆTTI

Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaðan núllkost og bera stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núll-kostinn falist í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar. Bornir verða saman þeir valkostir sem fjallað er um hér að aftan og lagt mat á hvort áhrifin séu talin jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss.

Umhverfisþættir:	Áhrif:
Jarðfræði og jarðmyndanir	0
Gróður og dýralíf	0/-
Ásýnd og landslag	0
Samfélag	+
Minjar/Verndarsvæði	0
Náttúruvá og öryggi	?

Tafla 2. Umhverfismat.

6.5 NIÐURSTAÐA

Með nýjum varnargarði og breikkun á núverandi varnargarði er fyrst og fremst verið að bæta öryggi og þar með notagildi hafnarinnar. Það á einnig við um nýja smábátaaðstöðu fyrir smábáta sem til stendur að setja norðan megin í skjóli við nýjan varnargarð.

Svæðið er að hluta byggt og er því þegar raskað. Frekari uppbygging mannvirkja á svæðinu mun, hafa einhver neikvæð áhrif á ásýnd og landslag. Dregið er úr neikvæðum áhrifum eins og hægt er, með því að í deiliskipulaginu kemur fram að huga beri að heildaryfirbragði byggðarinnar á Brjánslæk. Ennfremur að öll mannvirki skuli falla að svipmóti lands og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega liti í umhverfi.

Skipulagning bílastæða, upplýsingatorgs og gerð göngustíga mun auðvelda stýringu á allri umferð á svæðinu, þannig að ferðamenn sem leið eiga um áningarstaðinn haldi sig innan merktra úti- og göngu-svæða og komi þar með í veg fyrir átroðning á gróðri.

Það er jákvætt að minjar verði skráðar og merktar inn á uppdrátt og gerðar aðgengilegar almenningi og ferðamönnum. Það mun auk þess stuðla að verndun þeirra til framtíðar.

Gatnamótin Barðastrandavegar (62-02) Brjánslækjarveggar (610-01) eru fyrir utan deiliskipulagssvæðið. Á næstu árum má reikna með aukinni umferð um þessi gatnamót og þyrfti þá væntanlega að gera einhverjar ráðstafanir til að bæta umferðaröryggi á þessu gatnamótum s.s með dropa eða jafnvel hringtorgi. Krossgatnamótin vegna tengingar við Brjánslæk 2, lóð 4, þyrfti að hliðfæra.

Sú starfsemi sem er á svæðinu er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag og með þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er, mun styrkja byggð, skapar atvinnutækifæri og auka fjölbreytni í atvinnulífi.

Á heildina litið er sú stefna sem sett er fram í deiliskipulaginu talin hafa jákvæð áhrif.

6.6 TILKYNNINGARSKYLDA

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 eru hafnarmannvirki háð framkvæmdaleyfi.

7.0 MÁLSMEDFERÐ

Deiliskipulag þetta er unnið skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7.1 SKIPULAGSLÝSING

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi bæjarstjórnar, þann 25. nóvember 2021, skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7.2 UMSAGNARADILAR

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Breiðafjarðarnefnd

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrustofur Vesturlands og - Vestfjarða

Minjastofnun Íslands

Ferðamálastofa

Samgöngustofa

Vegagerðin

Siglingamálastofnun

Landsnet

Hafrannsóknarstofnun

Fiskistofa

Hafnarstjórn Vesturbyggðar

Brunavarnir Vesturbyggðar

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Ríkiseignir

Sæferðir /Sea tours

Eigendur nálægra jarða sem liggja að svæðinu

7.3 LAGFÆRINGAR Á AUGLÝSTRI TILLÖGU

1. Komið er til móts við ósk frá Orkubúi Vestfjarða, dagsett 22. mars 2022, og bætt er inn á uppdrátt og kafla 5.0 í greinargerð, að gert sé ráð fyrir 100 fm byggingareit fyrir spennistöð, ásamt bílastæði við Brjánslækjarveg.
2. Komið er til móts við ósk Breiðafjarðarnefndar dagsett 7. apríl 2022 og Breiðafjarðarnefnd bætt á lista yfir umsagnaraðila í kafla 7.2
3. Komið er til móts við umsögn Umhverfisstofnunar, 6. apríl 2022, með eftirfarandi breytingum og viðbótum:
 - a. Á uppdrætti er lína í gegnum Flókatóftir tekin út.
 - b. Í kafla 5.0 er umfjöllun um grjót í varnargarð uppfærð.
 - c. Við kafla 5.1 er bætt við umfjöllun um fráveitu og iðnaðarstarfsemi.
 - d. Í kafla 5.2, í umfjöllun um lausamuni er orðalagið: „til langframa“ tekið út. Einnig er bætt inn í kaflann umfjöllun um varp í hafið, sjávarfítjar og votlendi og sæstrengi og neðansjávarleiðslur.
4. Komið er til móts við umsögn Náttúrufræðistofnunar dagsett 8. apríl 2022 með eftirfarandi breytingum og viðbótum:
 - a. Við kafla 5.2, er bætt við umfjöllun um lífríki.
 - b. Kafli 6.1 uppfærður.
 - c. Í töflu í kafla 6.4 breytist niðurstaða umhverfismatsins fyrir áhrif á dýralíf frá því að vera óveruleg í óveruleg/neikvæð.
5. Vegna fornleifaskráningar fyrir deiliskipulag við Brjánslæk á Barðaströnd frá NÁTTÚRUFRAEÐI-STOFNUN VESTFJARÐA, dagsett maí 2022, unnin af Atla Rúnarsyni, eru gerðar eftirfarandi breytingar:
 - a. Fornleifar færðar inn á uppdrátt og umfjöllun um þær í greinargerð í kafla 5.2 ÝMIS SKIPULAGS-ÁKVÆÐI, bls 16
 - b. Byggingareitur merktur A á uppdrætti færður til vestur og minnkaður úr 1.000 fm í 750 fm, þannig að hann sé fjær fornleifum nr. 2769-003 og 2769-004.